

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gyðu Mariasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. maí 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Gyðu Mariasdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Gyðu Mariasdóttur. Sjóðurinn er eign Hús-mæðraskólans Ósk á Ísafirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Gyðu Mariasdóttur, forstöðukonu Hús-mæðraskólans Ósk, sem andaðist 7. júlí 1936.

Stofnfé sjóðsins er framlag frá námsmeyjum Húsmaðraskólans frá árinu 1932 og annara velunnara skólans á 50 ára afmæli hans 1962.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk eða viðurkenningu til framhaldsnáms í heimilisfræðum.

Styrkur þessi er einkum ætlaður Vestfirðingum.

Æskilegt er að umsækjandi hafi stundað nám við Húsmaðraskólann Ósk, eða kennt við skólann.

Ekki skal veita fleiri en tvo styrki á ári.

Ekki er skylt að veita styrk árlega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn svo sem hér segir: Formaður skólanefndar Hús-mæðraskólans Ósk, sem er jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Skólastjóri Húsmaðra-skólans Ósk og útibústjóri Landsbanka Íslands á Ísafirði.

Skal útibústjórinn hafa með höndum fjárgæslu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn. Skal í gerðabók færa skipu-lagsskrá þessa, niðurstöðutölur ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ. á m. ákvarðanir um viðurkenningu og úthlutun styrkja.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans, gjafir og áheit svo og tekjur samkv. erfðaskrá Jóns G. Mariassonar fyrrum bankastjóra, dags. 21. sept. 1965, með við-aukum 14. ágúst 1967 og 31. júlí 1968. Ennfremur fé, sem fæst fyrir sölu á verðbréfum, sem sjóðurinn á eða kann að eignast.

6. gr.

Sjóðstjórnin skal sjá um ávöxtun sjóðsins á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt, svo sem í vititölutryggðum skuldabréfum ríkissjóðs eða sveitarfélags.

Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í sparisjóðsdeild Landsbankans á Ísafirði.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans birtir sjóðstjórn og skólanefnd húsmaðraskólans fyrir 31. jan. ár hvert.

7. gr.

Styrk eða viðurkenningu úr sjóðnum skal ekki veita fyrr en höfuðstóll hans hefur náð 500 þús. krónum og þá ekki hærri fjárhæð en nemur 75% af vaxtatekjum.

Eftir að höfuðstóll sjóðsins hefur náð 1 millj. kr. er heimilt að verja öllum árs vaxtatekjum hans til styrks eða viðurkenningar, ef ástæða þykir til.

Styrk eða viðurkenningu skal veita á fæðingardegi Gyðu Maríasdóttur 17. júní. Þó skal úthlutun fara fram úr sjóðnum 24. sept. 1998, en þá eru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns G. Maríassonar, fyrrum bankastjóra, en frá honum er kominn meginhluti höfuðstóls sjóðsins eins og hann er í dag.

Sjóðstjórn skal auglýsa eftir umsækjendum um styrk úr sjóðnum í blaði eða blöðum, sem gefin eru út á Ísafirði.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki skólanefndar Húsmæðraskólans Ósk og sjóðstjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

13. febrúar 1981.

Nr. 338.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Framfara- og menningarsjóð Húnvetninga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. febrúar 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfara- og menningarsjóð Húnvetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfara- og menningarsjóður Húnvetninga. Heimili hans og starfssvið skal vera innan Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigurlaugu Guðlaugsdóttur og Guðmundi Jónassyni, búendum að Ási í Vatnsdal, til minningar um foreldra þeirra, en þau voru: Arnbjörg Þorsteinsdóttir og Guðlaugur Guðmundsson á Sæunnarstöðum í Hallárdal, og Jóhanna Jóhannsdóttir og Jónas Jóhannsson á Litla-Búrfelli, Svínavatnshreppi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag þeirra Áshjóna, krónur 2 millj. — tvær milljónir króna —.

4. gr.

Sjóðurinn veitir minningargjöfum viðtöku, svo og öðrum gjöfum, sem leggjast við höfuðstól. Fastar tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól.